

EFTIRLITSSKÝRSLA

Dýrfiskur hf. Dýrafirði



Dags eftirlits	23.9.2015	Fulltrúi UST	Erna Karen Óskarsdóttir
Fyrirtæki	Dýrfiskur hf.	Fulltrúi UST	
Heimili	Hafnarbakka 8, 425 Flateyri	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	700807-0450	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Brynjar Gunnarsson	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	65°53,460'N 23°37,710'W

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlit er varðar staðsetningu kvía utan starfsleyfis og tvær athugasemdir voru gerðar varðandi að niðurstöður úr sýnatöku á kopar vantar sem og niðurstöður mælinga á strandsjó.

UMFANG EFTIRLITS

Matvælastofnun sá um framkvæmd eftirlitsins og vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Frávik frá	Lýsing á frávik
Gr. 1.2 í starfsleyfi	Kvía eru staðsettar á Gemlufalli en starfsleyfið gildir ekki fyrir það svæði.

ATHUGASEMDIR

Sýni til greiningar á kopar skv. gr. 5.1 í starfsleyfi hefur verið tekið og sent til Náttúrustofu Vestfjarða. Niðurstöður þeirrar mælingar hafa ekki borist eftirlitsaðila.

Niðurstöður mælinga á strandsjó skv. lið 2.2. í vöktunaráætlun hafa ekki borist eftirlitsaðila.

ANNAÐ

Minnt er á að næstu sýnatökur skv. vöktunaráætlun eiga að fara fram árið 2016.

Gerð er athugasemd í gátlista um að ársskýrslu hafi ekki verið skilað. Skv. gr. 3.3 í starfsleyfi er heimilt að skila grænu bókhaldi og ársskýrslu sameiginlega, ef bókhaldið inniheldur allar þær skráningarupplýsingar sem krafa er gerð á um í gr. 3.1 og 5.1 í starfsleyfi. Grænt bókhald rekstraraðila inniheldur þær upplýsingar sem kveðið er á um.

Reykjavík, 19.10.2015

Erna Karen Óskarsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.